

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. ágúst 1999.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

GJALDSKRÁ

fyrir nautgripasæðingar á svæði Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

1. Fyrir fyrstu sæðingu á kú, þegar bóndi tekur þátt í skýrsluhaldi, greiðast kr. 1.700 fyrir hverja kú. Önnur og þriðja sæðing er innifalin.
2. Þeir sem ekki taka þátt í skýrsluhaldi greiða kr. 2.200 fyrir sæðingu á hverri kú.
3. Fyrir endursæðingar, fjórðu sæðingu á kú og sæðingar umfram það, greiðast kr. 900 fyrir hverja kú.
4. Fyrir hverja holdanautasæðingu greiðast kr. 2.300.
5. Þeir sem ekki eru mjólkurinnleggjendur greiða kr. 4.000 fyrir hverja sæðingu.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. ágúst 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um sakaskrá ríkisins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkissaksóknari heldur tölvufærða sakaskrá fyrir allt landið og nefnist hún: Sakaskrá ríkisins.

2. gr.

Tilgangur sakaskrár er:

- a. að skrá niðurstöður í opinberum málum til notkunar við rannsókn og meðferð opinberra mála,

- b. að gefa út sakavottorð og veita upplýsingar úr skránni eftir því sem mælt er fyrir um í III.–VI. kafla,
- c. að vera grundvöllur sakfræðilegra rannsókna og til úrvinnslu á tölfræðilegum upplýsingum um opinber mál.

Ríkissaksóknari getur sett nánari reglur um færslu sakaskrárinnar og rekstur, svo og um fyrirkomulag upplýsingagjafar og útgáfu sakavottorða.

II. KAFLI

Færsla í sakaskrá.

3. gr.

Í sakaskrá skal færa upplýsingar um opinber mál á hendur einstaklingi eða lögaðila þegar máli er lokið með:

- a. dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni,
- b. dómi eða viðurlagaákvörðun í máli vegna brots á öðrum lögum þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda- eða leyfis-svipting eða dæmd sekt 50.000 krónur eða hærri,
- c. lögreglustjórásátt í máli vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni,
- d. lögreglustjórásátt eða sektargerð tollstjóra í máli vegna brots á öðrum lögum þegar sekt er 50.000 krónur eða hærri eða brot hefur leitt til réttinda- eða leyfissviptingar,
- e. ákærufrestun.

Einnig skal færa upplýsingar um mál í sakaskrá þegar niðurstaða þess hefur samkvæmt heimild í viðkomandi lögum ítrekunaráhrif á síðara brot.

Sýknudóma skal ekki færa í sakaskrá nema sýkna byggist á 15. gr. almennra hegningarlaga. Þó skal færa í sakaskrá sýknudóma sem áfrýjað er.

4. gr.

Í sakaskrá skal færa sömu eða sambærilegar upplýsingar og greinir í 3. gr. í málum þar sem íslenskir ríkisborgarar eða erlendir menn búsettir hér á landi hafa verið dæmdir til viðurlaga erlendis eða undirgengist viðurlög hjá erlendum stjórnvöldum, enda berist sakaskrá upplýsingar um slíkar niðurstöður.

Með sama hætti skal skrá erlendar ákvarðanir um viðurlög þegar fullnusta þeirra fer fram hér á landi.

5. gr.

Í sakaskrá skal einnig færa upplýsingar um:

- a. uppgjöf sakar í málum, sem lokið hefur verið fyrir dómstólum,
- b. uppreisn æru,
- c. náðun og breytingar á skilorðstíma,
- d. reynslulausn og breytingar á skilorðstíma,
- e. ákvörðun um að aflána skuli refsingu eða eftirstöðvar refsingar sem gefin hefur verið eftir með skilorðsbundinni náðun eða reynslulausn,
- f. áfrýjun mála sem færð eru í sakaskrá,
- g. lok aflánunar fangelsisrefsingar,
- h. úrlausn um niðurfellingu öryggisráðstafana skv. VII. kafla almennra hegningarlaga,
- i. endurveitingu réttinda, sem sakborningur hefur verið sviptur,
- j. aðrar breytingar á niðurstöðum sem getið er í 3. gr.

6. gr.

Hafi dómi verið áfrýjað til Hæstaréttar og sakborningur er þar sýknaður skal afmá úr sakaskrá niðurstöður héraðsdóms. Sama gildir þegar Hæstiréttur ónýtir ákvörðun um viðurlög sem sakborningur hefur undirgengist skv. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, vísar máli frá héraðsdómi eða ómerkir málsmeðferð héraðsdóms.

Þegar mál, sem lokið hefur verið að sakborningi fjarstöddum, er endurupptekið og dæmt skal héraðsdómur tilkynna sakaskrá um þann dóm og skal þá afmá úr sakaskrá fyrri innfærslu um niðurstöðu máls.

Þegar ríkissaksóknari fellir úr gildi ákvörðun um viðurlög sem sakborningur hefur undirgengist samkvæmt boði lögreglustjóra eða tollstjóra afmáir hann jafnframt viðkomandi ákvörðun úr sakaskrá hafi hún verið skráð þar.

7. gr.

Héraðsdómstólar, lögreglustjórar og tollstjórar tilkynna um niðurstöður í málum sem lokið er hjá þeim og færa skal í sakaskrá.

Ríkissaksóknari sér um að niðurstöður Hæstaréttar, ákærufrestanir sem hann afgreiðir og mál skv. 4. gr. verði færð.

Dómsmálaráðuneytið og Fangelsismálastofnun ríkisins tilkynna um þau atriði sem færa ber skv. 5. gr.

Tilkynningar til sakaskrár skulu vera skriflegar og ákveður ríkissaksóknari að öðru leyti form þeirra.

III. KAFLI

Upplýsingar úr sakaskrá til hins skráða.

8. gr.

Gefa skal út sakavottorð handa þeim sem þess óskar um hann sjálfan. Sakavottorð handa þeim sem er yngri en 18 ára skal þó aðeins láta í té að fyrir liggja samþykki þess sem fer með forsjá viðkomandi.

Í sakavottorði samkvæmt þessum kafla skal einungis tilgreina upplýsingar um brot á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni með eftirgreindum takmörkunum:

- a. niðurstöður máls skv. 3. gr. aðrar en fangelsisdóma skal ekki tilgreina ef liðin eru 3 ár frá því máli var lokið,
- b. fangelsisdómur skal ekki tilgreindur ef liðin eru 5 ár frá dómsuppkvaðningu eða frá því dómþoli var látinn laus hafi hann afplánað refsingu,
- c. ráðstafanir skv. 62.-67. gr. almennra hegningarlaga skal ekki tilgreina ef liðin eru 5 ár frá því ráðstöfun var felld niður.

Ríkissaksóknari getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá tímamörkum sem tilgreind eru í 2. mgr.

Sakavottorð samkvæmt þessum kafla skal hafa að geyma upplýsingar um hvað tilgreina ber á vottorði skv. 2. mgr.

9. gr.

Beiðni um útgáfu sakavottorðs samkvæmt þessum kafla skal beina til lögreglu og skal hún vera skrifleg og undirrituð.

Sakavottorð verður ekki látið í té nema sá sem eftir því leitar sanni með framvísun fullnægjandi persónuskilríkja að vottorð varði hann. Óski annar en maður sjálfur eftir sakavottorði skal tryggt að viðkomandi hafi heimild til að veita því viðtöku.

IV. KAFLI

Upplýsingar úr sakaskrá til yfirvalda.

10. gr.

Auk þess sem ríkissaksóknari gefur út sakavottorð til eigin afnota skulu vottorð gefin út til eftirtalinna samkvæmt beiðni:

- a. dómstóla,
- b. dómsmálaráðuneytisins,
- c. umboðsmanns Alþingis,
- d. lögreglu,
- e. fangelsismálastofnunar,
- f. útlendingaeftirlitsins.

Ríkissaksóknari gefur út sakavottorð til erlendra yfirvalda vegna rannsóknar og meðferðar opinbers máls eða vegna öflunar ríkisfangs eða ökuréttinda.

11. gr.

Í sakavottorð samkvæmt þessum kafla skal ekki greina þær upplýsingar sem skráðar hafa verið um viðkomandi einstakling eða lögaðila þegar 10 ár eru liðin frá síðustu af eftirtöldum tímamörkum:

- a. lokum afplánunar fangelsisrefsingar,
- b. lokum reynslutíma reynslulausnar,
- c. uppkvaðningu úrskurðar um niðurfellingu ráðstöfunar skv. 62.-67. gr. almennra hegningarlaga,
- d. lokum réttindasviptingar eða endurveitingu réttinda,
- e. uppkvaðningu endanlegs dóms eða dagsetningu ákvörðunar sem ekki fellur undir a-d lið.

Hafi viðkomandi hlotið tvo eða fleiri fangelsisdóma ber að færa þá alla í sakavottorð þótt aðeins einn þeirra sé innan þeirra tímamarka sem getur í 1. mgr. Ríkissaksóknari getur einnig ákveðið í sérstökum tilvikum að í sakavottorði séu upplýsingar um niðurstöður eldri mála.

12. gr.

Ríkissaksóknari getur ákveðið að aðrir opinberir aðilar en þeir sem greinir í 10. gr. fái afhent sakavottorð eða ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda hafi þeir lögvarða hagsmuni af að fá slíkar upplýsingar.

13. gr.

Beiðni um sakavottorð samkvæmt þessum kafla skal vera skrifleg en ríkissaksóknari getur fallist á að þeir sem taldir eru í 10. gr. setji fram beiðni með rafrænum pósti.

V. KAFLI

Upplýsingar úr sakaskrá til einkaaðila.

14. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá má ekki veita einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, nema það leiði af 15. eða 16. gr. eða fyrir því sé heimild í lögum.

15. gr.

Ríkissaksóknari getur veitt einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, enda sé það gert til þess að mögulegt verði að gæta lögvarinna

hagsmuna sem greinilega eru ríkari en þeir hagsmunir sem felast í að halda upplýsingunum leyndum.

VI. KAFLI

Upplýsingar til notkunar í vísindalegu skyni.

16. gr.

Upplýsingar úr sakaskrá má veita samkvæmt tilteknum skilyrðum þegar þær eru nauðsynlegar til vísindalegra eða tölfræðilegra rannsókna sem hafa verulega þýðingu.

VII. KAFLI

Öryggisreglur.

17. gr.

Ríkissaksóknari ákveður hverjir hafa aðgang að sakaskrá og gefur út persónulegt og leynilegt auðkennisorð sem viðkomandi verður að nota til að geta tengst skránni. Auðkennisorð skulu endurnýjuð ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Auðkennisorð skulu ekki vera lesanleg á skjá. Í hvert sinn sem sá, sem aðgang hefur að sakaskrá, vikur frá skjá, skulu gerðar þær ráðstafanir, að áframhaldandi aðgangur krefjist þess að auðkennisorð sé skráð á ný.

18. gr.

Aðgangur að sakaskrá er þessi:

- a. fyrirspurn,
- b. að prenta út sakavottorð og upplýsingar,
- c. að skrá upplýsingar,
- d. að leiðrétta og breyta skráðum upplýsingum og að afmá skráðar upplýsingar.

Þegar auðkennisorð er gefið út skal jafnframt ákveðið hvers konar aðgang viðkomandi hefur að sakaskránni.

19. gr.

Í lok hvers vinnudags skal taka öryggisafrit af sakaskránni og það varðveitt í læstri eldtraustri hirslu.

Ekki sjaldnar en með fjögurra vikna millibili skal taka öryggisafrit af sakaskránni og það varðveitt í læstri hirslu í öðru húsnæði en þar sem sakaskráin er varðveitt.

VIII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um sakaskrá ríkisins, nr. 249 29. júní 1992, ásamt síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. ágúst 1999.

Sólveig Pétursdóttir.

Benedikt Bogason.